

**14. Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi, með breytingum, lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m.**

1859.  
27. maí.

Vér Friðrik hinn sjöundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þèttmerki, Láenborg og Aldinborg, gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vorsktrúa alþingis um að lögleiða á Íslandi, með breytingum, lög 6. apríl 1855, er gjöra leiguburð af peningum frjálsan í vissum tilfellum, og breyta straffi fyrir okur, m. m., bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Hinn almenni leiguburður af peningum, 4 af hundræði, sem ákveðinn er með tilskipun 20. marz 1815, 7. gr., samanb. opið bréf 22. nóvember 1820, 2. gr., skal eptirleiðis að eins gilda um lán gegn veði í fasteignum, en í öðrum peningalánum skal leiguburðurinn vera óbundinn.

2. gr. Þegar skuldunautur borgar ekki skuld sína á réttum gjalddaga, er hann skyldur til, upp frá þeim degi, er lánardrottinn leitar réttar síns á löglegan hátt og þangað til borgað verður, að greiða í leigu einum meira af hundræði, en heimilað er í lögum, eða samið hefur verið um milli hlutaðeigenda, eða siður og venja er til milli kaupmanna. Þessu skal einnig fylgt um lán, sem standa í fasteignum; þó mega seinni veðhafendur einkis í missa við það, að hin algenga leiga af slíkum lánum er hækkuð.

3. gr. Í staðinn fyrir straff það, að höfuðstóllinn skuli upptækur, sem ákveðið er fyrir okur í dönsku laga 5. bókar 14. kap. 5. art. og tilskipun 14. maí 1754 6. gr., ber þessu lagabroti eptirleiðis að hegna með fjársekt, er eigi sè minni en fjórfaldur og eigi stærri en tuttugufaldur sá ágóði, er ólöglega hefir tekinn verið, ef það verður nákvæmlega sannað, hve mikill slíkur ágóði hafi verið, en að öðrum kosti skal ákveða sektina eptir öllum málavöxtum.

4. gr. Takmörkun sú, sem ákveðin er í tilskipun 14.

1859. maí 1754 6. gr., viðvíkjandi þóknun til erindsreka eða milli-  
 27. maí. göngumanns, skal, ásamt hegningu þeirri, er við lá ef út af var brotið, vera úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

27. maí. **15. Opíð bréf um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 22. febrúar 1855 viðvíkjandi auglýsingum þeim, sem í vissum tilfellum áður voru lögboðnar í blöðum „Adressekontoirsins“, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Auglýsingar þær, sem eptir reglum þeim, er hingað til hafa verið í gildi á Íslandi, áttu, til þess þær gæti álitizt nægilega birtar, að takast inn í Berlingatíðindi og í blöð „Adressekontoirsins“ eða í dagblað stiptisins, skulu hèreptir álitast þannig kunngjörðar, ef þær hafa verið birtar í hinum fyrstnefndu tíðindum og í einhverju blaði, sem kemur út í Reykjavík og nákvæmar verður tiltekið af dómsmálastjórnarherranum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

27. maí. **16. Opíð bréf, er lögleiðir á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 13. september 1855, sem leyfa dönskum skipurum að ráða útlenda menn á skip sín, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið: